



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 16. janúar 2024

Þann 16. janúar var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 97% grunnstöðugilda í leikskólum, í tæp 99% stöðugilda í grunnskólum og um 86,5% í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 46,8 grunnstöðugildi í leikskólum, 25,9 stöðugildi í grunnskólum og 38,1 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austurmiðstöð	Norðurmiðstöð	Suðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Samtals
Leikskóli	21,3	11,0	5,0	9,5	46,8
Grunnskóli	6,2	6,3	2,7	10,7	25,9
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	10,1	18,0	3,0	7,0	38,1
Fjöldi stm í fríst.starfi	19	35	6	11	71

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 16. janúar 2024

Í leikskóla á eftir að ráða í 46,8 grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 64 stöðugildi þann 21. nóvember og 77,9 í 17. október síðastliðnum. Þann 10. janúar 2023 átti eftir að ráða í 63,8 grunnstöðugildi. Að auki á eftir að ráða í samtals 13,3 stöðugildi í eldhús og vegna afleysinga vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda sem eru mun færri en þau 21,7 stöðugildi sem vantaði í fyrir ári og færri en þau 24,5 stöðugildi sem vantaði upp á í síðastliðnum mánuði. Samtals á því eftir að ráða í rúm 61 stöðugildi sem er fækkun um tæp 25 stöðugildi frá því 21. nóvember síðastliðinn og er mun betri staða en 10. janúar fyrir ári þegar ráða átti eftir í 85,5 stöðugildi. Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag þriðjudaginn 16. nóvember, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 4 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 22,5 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi að hætta störfum á komandi vikum og mánuðum. Fækkað hefur í þessum hópi frá því í nóvember en áramótin eru ekki óalgengur tími í breytingum hjá starfsfólki. Alls eru 42 leikskólar fullmannaðir, flestir hinna eiga eftir að ráða í 1-2 stöður en 10 leikskólar eiga eftir að ráða í fleiri en tvær stöður.



Í grunnskóla á eftir að ráða í 25,9 stöðugildi samanborið við 28,7 stöðugildi 19. september síðlastliðinn. Staðan var ekki tekin grunnskólum í janúar 2023. Unnið er að því að ráða í 11,8 stöðugildi kennara og 9,6 stöðugildi í stuðning. Einhverjar af þessum ráðningum koma til vegna langtíma veikinda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 38,1 stöðugildi samanborið við 28,5 stöðugildi þann 21. nóvember síðastliðinn og 52,3 stöðugildi þann 17. október eða um 71 einstaklinga m.v. 55 einstaklinga í nóvember. Það er ekki óalgengt að námsmenn vinni á frístundaheimilum með skóla og því er alltaf talsvert um mannbreytingar um áramót. Þann 10 janúar 2023 átti eftir að ráða í 43 stöðugildi. Ráðið hefur verið í um 86,5% stöðugilda. Þótt staðan sé enn sem komið er aðeins verri en hún var í nóvember eru aðeins 94 börn eftir á biðlista af þeim 4.022 börnum sem eru með virka umsókn sem er fækkun frá 221 barni á biðlista þann 21. nóvember. Því eru 3.928 börn í vistun en þar af eru 117 í hlutavistun. 97% frístundaheimilanna hefur náð umbeðinni vistun í 1. bekk, 100% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 2. bekk, 89% hefur náð umbeðinni vistun í 3. bekk frá 75% þann 21. nóvember og 71% í 4. bekk sem er hækkun frá 50% við síðustu stöðutöku.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem er í mönnunarvanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfstaðanna stilla saman strengi hvaða heimildir eru til ráðninga.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar- leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslu- stjóri	Úhlutuð sérkennsla	Samtals
Austurmiðstöð	3,0	9,5	0,0	8,8	21,3
Norðurmiðstöð	0,0	4,0	2,0	5,0	11,0
Suðurmiðstöð	0,0	2,0	1,0	2,0	5,0
Vesturmiðstöð	0,0	4,0	0,0	5,5	9,5
Samtals	3,0	19,5	3,0	21,3	46,8

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

	Afleysing v. undirbúnings- tíma og skammtíma- veikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
Austurmiðstöð	8,8	1,0
Norðurmiðstöð	2,5	0,0
Suðurmiðstöð	1,0	0,0
Vesturmiðstöð	1,0	0,0
Samtals	13,3	1,0

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
Austurmiðstöð	8,1	16,7	2,0	2,0
Norðurmiðstöð	14,8	30,0	3,2	5,0
Suðurmiðstöð	3,0	6,0	0,0	0,0
Vesturmiðstöð	7,0	11,0		
Samtals	32,9	63,7	5,2	7,0

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutvistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Austurmiðstöð	1397	1308	67	89	6,4%
Norðurmiðstöð	1115	1115	4	0	0,0%
Suðurmiðstöð	624	620	13	4	0,6%
Vesturmiðstöð	886	885	33	1	0,1%
Samtals	4022	3928	117	94	2,3%

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkt barna, hlutfall samþykkt barna í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista

	Stjórnun (aðstoðarskólarstjórar, deildarstjórar)	Kennarar	Stuðningur	Önnur almenn stöðugildi	Samtals
Austurmiðstöð	0,0	3,8	1,4	1,0	6,2
Norðurmiðstöð	0,5	2,0	2,8	1,0	6,3
Suðurmiðstöð	0,0	2,0	0,7	0,0	2,7
Vesturmiðstöð	0,0	4,0	4,7	2,0	10,7
Samtals	0,5	11,8	9,6	4,0	25,9

Tafla 4 – Fjöldi stöðugilda í grunnskóla sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.